

Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri togarans Van Oost, O 296, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 14. desember 1956.

Nr. 86/1956. **Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Friðriki K. Sigfússyni og gagnsök

(Ragnar Ólafsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Um ábyrgð rikissjóðs samkvæmt lögum nr. 110/1951.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann, að dæmd fjárhæð verði lækkuð, enda verði þá málskostnaður í héraði felldur niður, en gagnáfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. júlí 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi og gjafsóknarleyfi 26. sama mánaðar. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 141.441.00 ásamt 6% ársvöxtum

frá 15. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9000.00, er renni til skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Friðriki K. Sigfússyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 9000.00, er renni til skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmans.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. október 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur Friðrik K. Sigfússon, Faxabraut 10, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 4. október f. á., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 141.441.00, auk 6% ársvaxta frá 15. júlí 1953 til greiðsludags. Stefnandi hefur fengið gjafsókn fyrir héraðsdómi samkvæmt bréfi, út gefnu í Dómsmálaráðuneytinu 13. október f. á., og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara hefur hann krafizt þess, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Um hádegisbil hinn 15. júlí 1953 var stefnandi ásamt tveimur öðrum mönnum, þeim Guðmundi Ólafssyni og Gunnari Albertssyni, við trésmiðavinnu hjá firmanu Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies, Keflavíkurflugvelli. Unnu þeir að smíði flekamóta, sem nota átti við uppslátt að sökkli kvikmyndahúss, er verið var að hefja smíði á á flugvellingum. Allir unnu þeir við sama vinnuborð og störfuðu, þegar slys það varð, er síðar verður

greint frá, að smíði sama flekans. Fleki þessi var 4×8 fet að stærð og af sömu gerð og margir aðrir flekar, er þeir félagar smíðuðu. Smíði flekanna var þannig framkvæmd, að fyrst var negldur saman rammi og síðan vatnsheld krossviðarplata, $\frac{3}{4}$ " á þykkt, negld á rammann. Krossviðarplötur þessar voru hornréttar, og var farið þannig að í upphafi, að einn nagli var negldur í gegnum hvert horn hennar og í rammann og ramminn réttur af eftir krossviðarplötunni. Segir Guðmundur, að timbur það, sem þeir félagar unnu úr, hafi verið frekar hart og leiðinlegt til vinnslu, og stefnandi kveður krossviðinn hafa verið mjög harðan. Við smíði fyrrgreinds fleka stóðu þeir stefnandi og Guðmundur við sama horn flekans. Það kemur ekki fram, hvort þeir hafi báðir staðið sama megin við hornið eða sitt hvorum megin, en Guðmundur hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi staðið alveg upp við hlið hans, en þó hafi þeir hvor um sig haft nægilegt svigrúm við vinnuna. Í umrætt skipti voru stefnandi og Guðmundur að rétta af eitt horn rammans eftir krossviðarplötunni, sem á hann skyldi negla. Hélt stefnandi plötunni og rammanum saman, en Guðmundur ætlaði að reka nagla í gegnum horn plötunnar. Heldur stefnandi, að naglinn hafi verið $2\frac{1}{2}$ ", þar sem um hornnagla hafi verið að ræða. Við áslátt Guðmundar á naglann hrökk naglinn undan hamri Guðmundar og lenti í opnu hægra auga stefnanda. Hvorki stefnandi né Guðmundur voru lærðir trésmiðir, en höfðu báðir stundað trésmiðavinnu um alllangt skeið, áður en slys þetta varð. Þegar slysið var orðið, var stefnandi fluttur til amerísks trúnaðarlæknis vinnuveitanda hans, Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies, og hreinsaði læk'nirinn augað og lét um það umbúðir. Þær umbúðir munu hafa verið teknar frá um það bil viku síðar, og kveðst stefnandi þá lítið sem ekkert hafa séð með auganu. Að ráði þessa sama læknis beið stefnandi tvær til þrjár vikur eftir frekari aðgerðum, þar sem læk'nirinn mun hafa talið, að sjónin myndi lagast. Svo varð þó ekki, og hinn 7. ágúst 1953 leitaði stefnandi til Kristjáns Sveinssonar augnlæknis, hér í bænum. Við skoðun Kristjáns kom í ljós, að net-himna hægra auga stefnanda hafði rifnað og losnað, og í ágúst-mánuði gerði læk'nirinn aðgerð á auganu til þess að reyna að lagfæra þetta, en það tókst ekki.

Í vottorði nefnds læknis, dagsettu 7. maí 1954, segir, að net-himnan á hægra auga stefnanda sé nærri alveg laus frá („nærri total ablatio retinae“) og augað sjónlaust að mestu. Telur læk'nirinn líklegt, að ástand augans haldist óbreytt í framtíðinni, a. m. k. sé ekki von til þess, að ástand þess batni. Hefur tryggingaryfir-

læknir hinn 26. maí 1954 metið varanlega örorku stefnanda af völdum umrædds slyss 20%. Stefnandi hóf vinnu um mánaðamótin september og október 1953, en kaup hafði hann fengið frá vinnuveitanda sínum til 16. ágúst s. á.

Stefnandi heldur því fram, að fyrrnefndur Guðmundur Ólafsson hafi ekki sýnt fulla aðgæzlu í starfi sínu. Hann hafi ekki gætt þess að festa nógu vel nagla þann, er slysið hlaut af, áður en hann tók að reka hann niður af fullu afli. Nefndum Guðmundi hafi verið ljóst, að timbur það, sem hann var með, hafi verið „frekar hart og leiðinlegt að vinna úr“. Hafi honum því borið að sýna sérstaka varúð við að reka í það nagla. Allir, sem einhvern tíma hafa stundað smíðar, hljóti að vita, að nagli geti hrokkið undan hamri, ef smíðurinn haldi ekki um naglann, meðan verið er að festa hann. Telur stefnandi, að Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies sem vinnuveitandi nefnds Guðmundar Ólafssonar beri fébótaábyrgð á framangreindri óaðgæzlu hans við vinnu sína, en stefndi hafi samkvæmt 2. tl. 12. gr. fskj. 2 með lögum nr. 110/1951, sbr. 1. gr. fskj. þessa, tekið á sig ábyrgð á tjóninu.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar svo:

1. Örorkubætur	kr. 144.183.00
2. Ferðakostnaður vegna læknishjálpar	— 300.00
3. Gleraugu	— 365.00
4. Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 20.000.00

Kr. 164.848.00

Frá dragast örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 23.407.00, og kemur þá út hin umstefnda upphæð.

Sýknukröfu reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að röngum aðilja sé stefnt. Félag það, Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies, sem stefnandi var í vinnu hjá, er slysið varð, eigi varnarþing hér á landi, og beri því að hafa uppi allar kröfur bæði samkvæmt samningum og utan samninga beint gegn félaginu.

Í öðru lagi heldur stefndi því fram, að ríkissjóður hafi ekki tekið á sig ábyrgð á slysum sem þessum með ákvæðum 2. tl. 12. gr. fskj. 2 með lögum nr. 110/1951. Í ákvæði þessu standi, að Ísland skuli úrskurða og greiða kröfur, aðrar en samningskröfur, vegna verknaða manna í liði Bandaríkjanna, sem tjón hlýzt af. Skýrgreininguna á „lið Bandaríkjanna“ sé að finna í 1. gr. nefnds fylgiskjals og af skýrgreiningunni megi örugglega álykta,

að þar sé aðeins átt við hermenn varnarliðsins og beint starfslið hersins, svo sem skrifstofufólk, enda hafi starfsmenn þessir erlent ríkisfang. Firmað Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies sé einkafyrirtæki og annist sem verktaki ýmsar framkvæmdir hér á landi samkvæmt útboði, hliðstætt við Sameinaða verktaka, sem sé íslenzkt fyrirtæki. Félagið eigi, svo sem áður var sagt, varnarþing hérlendis. Telur stefndi með skírskotun til framangreindra raka, að Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies eða starfsmenn þess verði ekki taldir til liðs Bandaríkjanna, sem við sé átt í 1. gr. fyrrgreinds fylgiskjals. Til stuðnings þessu álitinu sínu hefur stefndi bent á ákvæði 1. og 2. tl. 7. gr., 1., 3., 9. og 7. tl. b 3. gr. fylgiskjalsins.

Loks heldur stefndi því fram, að jafnvel þó Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies teldist til liðs Bandaríkjanna hér á landi, þá gildi sérregla 2. tl. 12. gr. fylgiskjalsins um bótaábyrgð ríkissjóðs aðeins um þá starfsmenn fyrirtækisins, sem hafi erlent ríkisfang. Slys það, sem um ræðir í málinu, hafi orðið við vinnu hjá fyrirtækinu, sem eingöngu hafi verið unnin af Íslendingum.

Verði sýknukröfu stefnda vegna aðildarskorts hrundið og talið, að málinu sé réttilega beint að ríkissjóði, telur stefndi, að um skaðabótakröfuna gildi almennar reglur skaðabótaréttarins um vinnuveitendaábyrgð. Heldur stefndi því fram, að tæki þau, sem notuð voru við vinnuna, og umbúnaður við hana, hafi verið í góðu lagi og starfsmaður sá, er naglann rak, hafi hagað sér að öllu leyti forsvaranlega við vinnuna, en henni fylgi næsta lítil áhætta. Verði því að telja umrætt slys hreina óhappatilviljun, sem vinnuveitandi beri enga ábyrgð á.

Varakröfu sína um lækun stefnukröfunnar reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að skipta beri sökinni, ef um sök yrði talið að ræða. Telur hann, að stefnandi hafi sýnt af sér óvarkárni með því að standa of nærri vinnufélaga sínum, er naglann rak. Þá hefur stefndi mótmælt 1. og 4. kröfulið stefnanda sem allt of háum.

Í 1. gr. laga nr. 110/1951 er svo ákveðið, að meðan í gildi er varnarsamningur sá milli Íslands og Bandaríkjanna, sem undirritaður var hinn 5. maí 1951, skuli ákvæði hans og viðbætir við hann frá 8. maí 1951 um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra hafa lagagildi hér á landi. Var varnarsamningurinn og viðbótarákvæðin prentuð sem fylgiskjöl með nefndum lögum. Eru viðbótarákvæðin hér á eftir auðkennd sem fylgiskjal 2. Í 2. tl. 12. gr. fylgiskjals 2 segir m. a., að Ísland skuli samkvæmt þeim ákvæðum, sem þar fara á eftir, úrskurða og greiða

kröfur, aðrar en samningskröfur, vegna verknaða manna í liði Bandaríkjanna, sem af hlýzt tjón á eignum manna eða stofnana á Íslandi eða tjón á lífi eða limum manna þar. Þá hljóðar 1. gr. fylgiskjals 2 svo: „Í viðbæti þessum taka orðin „lið Bandaríkjanna“ yfir liðsmenn í herliði Bandaríkjanna og starfslið, sem herliðinu fylgir og er í þjónustu þess, enda hafi menn þessir hvorki ríkisfang né fasta búsetu á Íslandi, heldur dveljist þar vegna framkvæmda á samningi þessum.“

Vinnuveitandi þeirra manna, sem starf það unnu, er umrætt slys hlautt við, Metcalfe, Hamilton, Smith Beck Companies, er ekki skrásett hér á landi, enginn forráðamanna félagsins er búsettur hér, og félagið greiðir hér enga skatta eða skyldur. Félagið rekur hér á landi eingöngu starfsemi í þágu varnarliðs Bandaríkjanna og dvelst því hér aðeins vegna framkvæmda á áður nefndum varnarsamningi. Verður því að telja, að oft nefnt félag falli undir „lið Bandaríkjanna“, svo sem það er skilgreint í 1. gr. fskj. 2. Þau ákvæði 7. og 8. gr. fylgiskjals 2, sem stefndi hefur bent á, eru öll sérákvæði, og verður því ekki af þeim dregin ályktun um það, hverjir almennt skuli teljast til liðs Bandaríkjanna.

Stefnukröfurnar í máli þessu eru fyrst og fremst reistar á því, að starfsmaður í þjónustu Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Companies hafi með óaðgæzlu valdið oftnefndu slysi og beri því fyrirtækið sem atvinnurekandi ábyrgð á öllu því tjóni, sem af slysinu hlautt, en stefndi hafi samkvæmt ákvæðum 2. tl. 12. gr. fskj. 2 tekið á sig fébótaábyrgðina. Þar sem nefnt fyrirtæki telst, svo sem áður er sagt, til liðs Bandaríkjanna hér á landi, verður að fallast á þessa röksemdafærslu stefnanda, og verður í þessu sambandi ekki talið skipta máli um ábyrgð stefnda, hvers þjóðernis sá maður er, sem verk hefur unnið á ábyrgð einhvers aðilja í liði Bandaríkjanna. Að því athuguðu, sem hér að framan er greint, hefur krafa stefnda um sýknu vegna aðildarskorts ekki við rök að styðjast, og er því málinu réttilega beint að honum. Verða nú aðrar varnarástæður hans teknar til athugunar.

Það er álit hinna trésmíðafróðu samdómenda, að allalengt sé við trésmíðar, að naglar hrökkvi undan hamri við áslátt, en venjulega komi það ekki að sök. Þá er það og álit þeirra, að Guðmundur Ólafsson hafi, eftir því sem á stóð og til hagaði í umrætt skipti, ekki sýnt fulla aðgæzlu í starfi sínu við áslátt naglans, sem hrökk í auga stefnanda og oftnefndu slysi olli. Þegar síðastnefnt atriði er virt og það haft í huga, að eftir fyrstgreindu álit hinna trésmíðafróðu samdómenda virðist hafa verið um

nokkuð hættusamt starf að ræða, þykir stefndi, er kemur í stað atvinnurekanda í þessu máli, eiga að bera fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á öllu því tjóni, sem af umræddu slysi hlaut, enda verður ekki talið, að stefnandi hafi sýnt óaðgætni.

Hinir einstöku kröfuliðir stefnanda verða nú teknir til athugunar:

Um 1. Stefndi er talinn fæddur 9. apríl 1923, og var hann því rúmlega 30 ára að aldri, er slysið varð.

Tryggingafræðingur hefur reiknað út verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps stefnanda, miðað við slysdag og 20% örorku. Nemur vinnutekjutapið eftir útreikningi hans kr. 144.183.00, og hefur tryggingafræðingurinn haft til hliðsjónar vinnutekjur stefnanda samkvæmt skattaframtölum frá og með árinu 1950 fram til 16. maí 1953. Grundvöllur útreikningsins er: 4% ársvextir, dánarlíkur samkvæmt íslenskri reynslu á árunum 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Í sambandi við útreikninginn getur tryggingafræðingurinn þess, að hann hafi ekki dregið neitt frá fyrir opinberum gjöldum. Þá bendir hann á, að rétt muni að draga frá vinnutekjutapinu örorkubætur þær, sem Tryggingastofnun ríkisins hafi greitt stefnanda. Hins vegar telur hann, að ekki eigi að koma til frádráttar dagpeningar og fjölskyldubætur, kr. 1.851.50, er stefnandi hafi fengið greitt fyrir tímabilið frá 16. ágúst til 30. september 1953. Loks tekur tryggingafræðingurinn fram, að gera megj ráð fyrir, að stefnandi hefði getað unnið fyrir 5—6 þúsund krónum á tímabilinu 16/8 til 30/9 1953. Telur hann því, að það vanti milli tvö og þrjú þúsund krónur á, að dagpeningar og fjölskyldubætur nægi til að bæta 80% af vinnutekjutapinu á síðastgreindu tímabili. Það athugast, að tryggingafræðingurinn hefur miðað útreikning vinnutekjutaps stefnanda vegna örorku hans við slysdag, en svo sem áður er sagt, fékk stefnandi greitt fullt kaup til 16. ágúst 1953.

Pegar virt eru framangreind atriði svo og annað það, er máli skiptir, og meðal annars höfð hliðsjón af því, að vextir hér á landi eru almennt hærri en 4% p. a., þykja örorkubætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 115.000.00.

Um 2. og 3. Stefndi hefur ekki mótmælt fjárhæðunum undir þessum liðum, og verða þær því teknar til greina að fullu.

Um 4. Í málinu hafa verið lagðar fram 2 ljósmyndir af stefnanda. Er hann á annarri ljósmyndinni með gleraugu. Sést á ljósmyndum þessum, að hægra auga stefnanda er minna og daufara en vinstra auga hans. Eru þetta auðsjáanleg lýti. Að þessu at-

huguðu og þegar virt eru meiðsli stefnanda og sjúkrasaga hans, teljast hæfilegar bætur honum til handa samkvæmt þessum lið kr. 10.000.00.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 115.000.00 plús kr. 300.00 plús kr. 365.00 plús kr. 10.000.00, samtals kr. 125.665.00 að frádregnum kr. 23.407.00 eða kr. 102.258.00 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 8.900.00, og ber skipuðum talsmanni stefnanda, Sigurði Baldurssyni hdl., kr. 8.500.00 af málskostnaðinum í máflutningslaun.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt samdómendum Einari B. Kristjánssyni og Ragnari Þórarinssyni húsa-smíðameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Friðriki K. Sigfússyni, kr. 102.258.00 með 6% ársvöxtum frá 15. júlí 1953 til greiðsludags og kr. 8.900.00 í málskostnað, og ber skipuðum talsmanni stefnanda, Sigurði Baldurssyni hdl., kr. 8.500.00 af málskostnaðinum í máflutningslaun.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1956.

Nr. 115/1953. **Marteinn M. Skaffells** (sjálfur)

gegn

Orku h/f (Sigurgeir Sigurjónsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramarnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Krafa um endurgreiðslu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1953. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 19.867.37 ásamt 6% ársvöxtum